

Störf háskólaráðs 2016-2017

Álit nefndar, 24. maí 2017

Á fundi háskólaráðs 1. nóvember 2012 voru samþykktar *Starfsreglur háskólaráðs Háskóla Íslands*. Reglurnar hafa verið endurskoðaðar nokkrum sinnum, síðast haustið 2016. Í 10. grein reglnanna er kveðið á um að ráðið setji á laggirnar nefnd sem hafi það hlutverk að leggja árlega mat á störf ráðsins á undangengnu starfsári. Meginmarkmið matsins er að rýna vinnubrögð ráðsins og leggja til umbætur í starfsháttum þess.

Á fundi háskólaráðs 6. apríl 2017 voru valin í nefndina Eiríkur Rögnvaldsson (fulltrúi háskóla-samfélagsins, formaður), Erna Hauksdóttir (fulltrúi valinn af mennta- og menningarmála-ráðherra), Ragna Sigurðardóttir (fulltrúi stúdenta), og Tómas Þorvaldsson (fulltrúi valinn af háskólaráði).

Í eftirfarandi greinargerð er lagt mat á störf ráðsins fyrir starfsárið 2016-2017. Nefndin hélt einn fund til að ræða verkefni sitt en auk þess höfðu nefndarmenn samskipti í tölvupósti.

Starfið í vetur

Nefndin er afar ánægð með starfshætti háskólaráðs. Fundirnir eru alltaf vel undirbúnir og skipu-lagðir, og nefndin þakkar starfsfólki í stjórnslu sérstaklega fyrir umsjón og skipulag. Sérstakt lokað vefsvæði sem var tekið í notkun haustið 2015 og hýsir fundargögn og önnur gögn sem varða störf ráðsins hefur gefist mjög vel, fundargögn eru ítarleg og yfirleitt aðgengileg tímanlega, og auðvelt að leita að gögnum. Fundarstjórn er mjög markviss, tímaáætlanir standast, og umræða er ætíð opin og hreinskiptin. Nefndin þakkar forseta ráðsins fyrir góða og skilvirka fundarstjórn.

Nefndin telur sérstaka ástæðu til að nefna tvennt í störfum háskólaráðs 2016-2017. Annars vegar fjármál, sem eru fyrsta mál á dagskrá flestra funda. Nokkuð er um að mikilvæg gögn varðandi fjármál séu send út með stuttum fyrirvara eða lögð fram á fundinum. Nefndin hefur skilning á því að þessi gögn eru oft tekin saman á síðustu stundu vegna þess að upplýsinga er beðið. En þar sem hér er um að ræða eitt mikilvægasta viðfangsefni háskólaráðs þykir nefndinni ástæða til að leggja áherslu á mikilvægi þess að ráðsmönnum gefist kostur á að kynna sér þessi gögn fyrir fund ef mögulegt er. Einnig væri æskilegt að ítarlegum yfirlitum, s.s. ársreikningi skólans, fylgdu minnisblöð þar sem bent væri á helstu atriði sem hyggja þarf að.

Annað mál sem nokkrum sinnum hefur komið fyrir ráðið eru vandaðar úttektarskýrslur innri endurskoðanda skólans. Þessar skýrslur, og greinargerð innri endurskoðanda fyrir þeim á fundum ráðsins, eru einkar skýrar og skipulegar og gefa mjög góða innsýn í ýmsa þætti í starfi skólans – bæði hvað vel er gert og hvað betur má fara. Nefndin lýsir sérstakri ánægju með þessar skýrslur, og einnig þá skipulögðu eftirfylgni sem skólinn hefur komið á með tillögum til endurbóta í skýrslunum. Nefndin telur mikilvægt að haldið verði áfram á sömu braut og úttekt gerð á sem flestum sviðum og verkefnum innan háskólans.

Tillögur til breytinga á starfsreglum háskólaráðs

Nefndin hefur farið yfir starfsreglur háskólaráðs og leggur til að gerðar verði tvær breytingar á þeim. Í síðari lið 6. greinar segir:

Rektor er málsvari ráðsins. Aðrir háskólaráðsfulltrúar skulu almennt ekki tjá sig í fjölmiðlum um málefni háskólans, nema að höfðu samráði við forseta ráðsins.

Það liggur ljóst fyrir að rektor er málsvari ráðsins og aðrir háskólaráðsfulltrúar geta ekki talað í nafni þess eða skólans. Nefndin telur hins vegar ástæðulaust að meina öðrum háskólaráðsfulltrúum að tjá sig á opinberum vettvangi án samráðs við rektor, þótt vitaskuld verði að ætlast til þess að þeir gæti eðlilegs trúnaðar og þess að málflutningur þeirra skaði ekki hagsmuni skólans. Nefndin leggur til að síðari liður 6. greinar orðist svo:

Rektor er málsvari ráðsins. Öðrum háskólaráðsfulltrúum skal heimilt að tjá sig opinberlega um málefni háskólans í eigin nafni, en ekki í nafni háskólans nema þeim hafi verið sérstaklega falið að gera svo af forseta ráðsins. Við opinbera umfjöllun skulu háskólaráðsfulltrúar ávallt hafa hagsmuni háskólans að leiðarljósi og gæta þagnar- og trúnaðarskyldu sinnar.

Í 3. gr. starfsreglna háskólaráðs stendur undir „Fundir og boðun þeirra“: „Heimilt er að halda rafræna fundi þegar sérstaklega stendur á, skv. verklagsreglum þar um.“ Nefndin leggur til að þessi málsgrein falli brott en verklagsreglurnar verði felldar inn í starfsreglurnar sjálfar enda er enginn eðlismunur á þeim og starfsreglunum. Í stað síðustu efnisgreinar kaflans „Ákvarðanir háskólaráðs, fundargerðir og birting þeirra“ í 3. gr. komi því nýr kafli svohljóðandi:

Rafrænir fundir

Rektor getur óskað eftir því þegar sérstaklega stendur á að háskólaráð afgangi með rafrænum hætti einstök mál sem ekki þola bið og þarfnast staðfestingar háskólaráðs af eða á fyrir tilgreindan tíma. Ef kostur er skal þetta ákveðið á næsta reglulega fundi ráðsins á undan, en ella er rektor heimilt að ákveða slíkan fund ef nauðsyn ber til vegna ófyrirséðra atvika.

Rafrænn fundur fer fram með tölvupósti eða með öðrum hentugum rafrænum hætti. Rektor boðar rafræna fundi með minnst eins dags fyrirvara. Dagskrá fundar ásamt við-eigandi gögnum skal fylgja fundarboði. Skýrt skal koma fram á dagskrá hvert málefni rafræna fundarins er, hvaða ákvörðun þarf að taka og hvers vegna hún þolir ekki bið. Eftir því sem mögulegt er skal rektor setja fram rökstudda tillögu um afgreiðslu máls. Rafrænn fundur stendur að jafnaði í einn sólarhring og skal koma fram á dagskrá hvenær fundur hefst og hvenær honum verður lokið.

Fulltrúar í háskólaráði taka afstöðu til tillagna um afgreiðslu með því að lýsa sig samþykka tillögu eða andvíga eða með því að sitja hjá. Þegar fulltrúi lýsir afstöðu sinni skal hann gera það þannig að allir aðrir fulltrúar í ráðinu fái upplýsingar um þá afstöðu. Fulltrúar geta jafnframt lagt fram bókun með atkvæði sínu. Óski einhver fulltrúi eftir því að áður en afstaða er tekin verði málið rætt skal boðað til aukafundar í háskólaráði með reglulegu sniði eins fljótt og nauðsynlegt er vegna efnis máls.

Rituð er fundargerð þar sem ákvarðanir eru skráðar. Í kjölfar rafræns fundar sendir ritari háskólaráðs fulltrúum í ráðinu drög að fundargerð og gefur þeim kost á að koma á framfæri athugasemdum. Komi ekki fram athugasemdir innan sólarhrings skoðast fundargerðin samþykkt og skal lögð fram og undirrituð á næsta reglulega fundi háskólaráðs eins og venja er og birt með sama hætti og fundargerðir reglubundinna funda.

Hugmynd að nýju ákvæði í starfsreglum

Við upphaf þessa háskólaárs varð mikil endurnýjun í háskólaráði. Einn þriggja fulltrúa háskóla-samfélagsins var nýr, annar tveggja fulltrúa mennta- og menningarmálaráðherra, tveir af þremur fulltrúum sem valdir eru af háskólaráði, og báðir fulltrúar stúdenta. Samtals voru þetta sex nýliðar af ellefu, eða meirihluti ráðsins. Reynslan sýnir að búast má við svipaðri endurnýjun á tveggja ára fresti.

Háskóli Íslands er mjög stór og flókin stofnun og ekki áhlaupaverk að setja sig inn í starfsemi hans. Það hefur komið fram hjá sumum hinna nýju háskólaráðsmanna að þeim þyki ekki auðvelt að átta sig til fulls á ýmsum atriðum sem fram koma á fundum. Þetta er fullkomlega eðlilegt, ekki síst þegar í hlut eiga þeir ráðsmenn sem koma utan að og hafa ekki tekið þátt í starfi skólans, sem kennarar eða stúdentar, undanfarin ár.

Nefndin beinir því til háskólaráðs að íhuga hvort æskilegt væri að við upphaf annars hvers háskólaárs, þegar nýtt háskólaráð tekur til starfa, yrði haldið örnámskeið fyrir nýja fulltrúa í ráðinu. Námskeiðið gæti verið í umsjá skrifstofustjóra rektorsskrifstofu með þátttöku ýmissa stjórnenda skólans eftir atvikum. Á því yrði farið yfir meginatriði í skipulagi skólans – skiptingu í svið, deildir og námsbrautir, svið stjórnsýslunnar, stofnanir o.fl. Einnig yrði farið yfir helstu atriði í fjármálum – reiknilíkan ráðuneytis og deililíkan skólans, skipun og störf fjármála-nefndar, o.s.frv. Önnur viðfangsefni yrðu eftir því sem þörf krefði og óskir bærust um. Upp úr þessu gætu sprottið drög að handbók fyrir háskólaráðsfulltrúa.

Eiríkur Rögnvaldsson
Erna Hauksdóttir
Ragna Sigurðardóttir
Tómas Þorvaldsson